Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félags leikfangasala
# 19. maí 1964 til 1. mars 1978

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag leikfangasala – Aðalfundur – Lög Félags leikfangasala

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-19

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Félag leikfangasala

# Fundargerðabók.

1964 - 1978

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag leikfangasala

# FUNDARGERÐABÓK.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Lög

### Félags leikfangasala í Reykjavík.

**1. grein.**

Nafn félagsins er: Félag leikfangasala í Reykjavík(skammstafað F.L.R.)

**2. grein.**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

**3. grein.**

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum meðlima sinna.

**4. grein.**

Félagsmenn geta allir orðið, sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð, og hafa leikföng að staðaldri til sölu í verzlunum sínum, enda nemi leikfangasalan allverulegum hluta af heildarsölunni. Ennfremur geta þeir orðið félagsmenn sem að undanförnu hafa haft og ætla sér að hafa framvegis leikföng til sölu í desembermánuði (jólabazarar.)

**5. grein.**

Umsóknir skulu vera skriflegar og berast upp á félagsfundi. Ef 3/4 greiddra ~~atkvæða~~ fundarm. eru samþykkir því að umsækjandi sé tekinn í félagið, er umsókn hans samþykkt. Ef félagi hættir að verzla með leikföng í eitt ár, er hann sjálfkrafa úr félaginu. Hver sá, sem óskar að gerast meðlimur, skuldbindur sig með umsókn sinni til þess að hlíta lögum félagsins, svo og þeim reglum og samþykktum, sem félagið setur og í gildi eru á hverjum tíma.

**6. grein.**

Félagsgjöld skulu vera Kr. 300.- á ári.

**7. grein.**

Stjórn félagsins skipa: Formaður, sem kosinn er sérstaklega, svo og tveir meðstjórnendur. Kosning stjórnar fer fram á aðalfundi. Stjórnin e r öll kosin til eins árs í senn.

**8. grein.**

Aðalfund skal halda í ~~apríl~~ nóv. ár hvert. Til hans skal boðað með ábyrgðar bréfi með 5 daga fyrirvara. Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og þurfa að öðlast 3/4 greiddra atkvæða ~~viðstaddra~~ félagsmanna.

**9. grein.**

~~Ef félagið verður leyst upp skal sjóður þess, ef nokkur er, renna til Styrtar- og sjúkrasjóðs verzlunarmanna.~~ Til þess að leysa félagið upp þarf samþykki aðalfundar og 3/4 atkvæða ~~atkvæða viðstaddra~~ fundar~~manna~~.

Undirritaðir stofnfélagar að Félagi leikfangasala í Reykjavík samþykkja hér með ofanskráð lög og staðfesta það með undirskrift sinni

Reykjavík, 1. juni 1951.



## Lög

### Félags leikfangasala í Reykjavík.

1. grein.

Nafn félagsins er: Félag leikfangasala í Reykjavík (skammstafað F.L.R.)

2. grein.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík

3. grein.

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum meðlima sinna.

4. grein.

Félagsmenn geta allir orðið, sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð, og hafa leikföng að staðaldri til sölu í verzlunum sínum, enda nemi leikfangasalan allverulegum hluta af heildarsölunni. Ennfremur geta þeir orðið félagsmenn sem að undanförnu hafa haft og ætla sér að hafa framvegis leikföng til sölu í desembermánuði: (jólabazarar.)

5. grein.

Umsóknir skulu vera skriflegar og berast upp á félagsfundi. Ef þrír fjórðu hlutar fundarmanna eru samþykkir því að umsækjandi sé tekinn í félagið, er umsókn hans samþykkt. Ef félagi hættir að verzla með leikföng í eitt ár, er hann sjálfkrafa úr félaginu.

Hver sá, sem óskar að gerast meðlimur, skuldbindur sig með umsókn sinni

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag leikfangasala í Reykjavík annars vegar og Plastvörur s.f. hinsvegar, gera með sér svohljóðandi

s a m n i n g:-

1. gr. Plastvörur s.f., skulbindur sig til að selja framleiðsluvörur sínar í leikföngum aðeins til þeirra sem eru á hverjum tíma löglegir meðlimir í félagi leikfangasala í Reykjavík með eftirfarandi skilyrðum.

a. Félag leikfangasala hafi samskonar samning við aðra innlenda framleiðendur plast-leikfanga eða aðra þá sem selja leikföng úr plastic í heildsölu, að öðrum kosti hafi það ekki viðskipti við þá f framleiðendur eða heildsala, sem ekki vilja skuldbinda sig sömu skilmálum og Plastvörur s.f., og um getur í 1. gr. samnings þessa.

b. Selji Plastvörur s.f. eitthvað af leikfangaframleiðslu sinni til heildsala, lúti hann sömu reglum og Plastvörur s.f. varðandi sölu á þeim varningi, enda séu vörurnar seldar með þeim skilmálum er greinir í 1. gr. samnings þessa.

c. Fari framleiðendur plastic-leikfanga eða aðrir, sem hafa plastvörur í heildsölu, út fyrir þann ramma, sem að ofan greinir og selji ófélagsbundnum kaupmönnum þessi leikföng, ber öllum meðlimum Félags leikfangasala að hættaviðskiptum við þann aðila, sem þannig hefir brotið ofangreint samkomulag.

d. Sannist að einhver meðlima F.L.R. hafi gerzt sekur um að eiga viðskipti við framleiðanda eða heildsala, sem bjóða ofangreindar vör[ur] þrátt fyrir að hann hafi selt utanfélagsmönnum leikföng þau sem um ræðir í samningi þessum, ber stjórn F.L.R. að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Verði slíkt samt sem áður ítrekað af sama meðlim eftir að stjórninni hefir verið tilkynnt fyrsta brot og gef[inn] tími til að láta málið til sín taka, er stjórninni skylt að víkja honum úr félaginu Sé þetta ekki gert og brjóti meðlimurinn af sér á nýjan leik, álítur Plastvörur s.f. samning þennan hafa verið brotinn af hendi F.L.R. og mun ekki telja sig háð ákvæðum hans framar.

2.gr. Samningur þessi gildir aðeins fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíku[r].

3.gr. Plastvörur s.f. ákveður hverju sinni útsöluverð(smásöluverð án söluskatts) á framleiðsluvöru sinni ogveitir meðlemum félagsins 33 1/3 % afslátt af smásöluverði, enda er gert ráð fyrir að félagsmenn kaupi minst 50 stk. af tegund(af því sem þeir vilja Kaupa) eða af þeim tegundum, sem kosta innan við kr. 20.00 í smásölu og 25 stk. af tegund hverri sé verðið yfir kr. 20.00.

4.gr. Félag leikfangasala í Reykjavík skuldbindur sig til að veita félagsréttindi hverjum þeim sem uppfyllir skilyrði er lög félagsins mæla fyrir um.

5.gr. Samningur þessi gildir til 1. júní 1952 og framlengist sjálfkrafa til eins árs í senn sé honum eigi sagt upp með tveggja mánaðar fyrirvara, þ.e. fyrir 1. april 1952.



# Lög
## Félags leikfangasala í Reykjavík.

1. grein.

Nafn félagsins er: Félag leikfangasala í Reykjavík (skammstafað F. L. R.)

2. grein.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík

3. grein.

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum meðlima sinna.

4. grein.

Félagsmenn geta allir orðið, sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð, og hafa leikföng að staðaldri til sölu í verzluninni sinni, enda nemi leikfangasalan allverulegum hluta af heildarsölunni. Ennfremur geta þeir orðið félagsmenn sem að undanförnu hafa haft og ætla sér að hafa framvegis leikföng til sölu í desembermánuði: (jólabazarar.)

5. grein.

Umsóknir skulu vera skriflegar og berast upp á félagsfundi. Ef þrír fjórðu hlutar fundarmanna eru samþykkir því að umsækjandi sé tekinn í félagið, er umsókn hans samþykkt. Ef félagi hættir að verzla með leikföng í eitt ár, er hann sjálfkrafa úr félaginu.

Hver sá, sem óskar að gerast meðlimur, skuldbindur sig með umsókn sinni

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í framhaldi ályktunar fundar stjórnar K.Í. fimmtudaginn 15. oktober s.l. veitir stjórn K.Í. húsnefnd heimild til þess að festa kaup á 1. hæð húseignarinnar nr. 2 við Marargötu í Reykjavík. Vegna húsnæðiskaupanna, til endurbóta þess, breytinga og lagfæringa svo og til húgagnakaupa og áhalda er húsanefndinni heimilt að skuldbinda samtökin fyrir allt að kr. 1.200.000.oo auk þess fjár, sem til er í byggingarsjóði.

Jafnframt kaupum eignarinnar felur stjórnin húnefnd að hefjast handa svo fljótt sem verða má um fjársöfnun meðal félagsmanna gegn afhendingu heiðurshlutabréfa í eigninni.

Skal að því stefnt að lágmarksframlög hvers félaga sé kr.1.500.oo sem greiða megi í allt að þremur greiðslum á hálfu ári.



# Lög

## Félags leikfangasala í Reykjavík.

### 1. grein.

Nafn félagsins er: Félag leikfangasala í Reykjavík (skammstafað F.L.R.)

### 2. grein.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík

### 3. grein.

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum meðlima sinna.

### 4. grein.

Félagsmenn geta allir orðið, sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð, og hafa leikföng að staðaldri til sölu í verzlunum sínum, enda nemi leikfangasalan allverulegum hluta af heildarsölunni. Ennfremur geta þeir orðið félagsmenn sem að undanförnu hafa haft og ætla sér að hafa framvegis leikföng til sölu í desembermánuði: (jólabazarar.)

### 5. grein.

Umsóknir skulu vera skriflegar og berast upp á félagsfundi. Ef þrír fjórðu hlutar fundarmanna eru samþykkir því að umsækjandi sé tekinn í félagið, er umsókn hans samþykkt. Ef félagi hættir að verzla með leikföng í eitt ár, er hann sjálfkrafa úr félaginu.

Hver sá, sem óskar að gerast meðlimur, skuldbindur sig með umsókn sinni

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að hlíta lögum félagsins, svo og þeim reglum og samþykktum, sem félagið setur og í gildi eru á hverjum tíma.

6. grein.

Félagsgjöld skulu vera kr. 300,00,- þrjú hundruð krónur á ári.

7. grein.

Stjórn félagsins skipa: Formaður, sem kosinn er sérstaklega, svo og tveir meðstjórnendur. Kosning stjórnar fer fram á aðalfundi. Stjórnin er öll kosin til eins árs í senn.

8. grein.

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað með ábyrgðarbréfi með fimm daga fyrirvara. Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og þurfa að öðlast þrjá fjórðu greiddra atkvæða félagsmanna.

9. grein.

Til þess að leysa félagið upp þarf samþykki aðalfundar og þrjá fjórðu atkvæða fundarmanna.

Reykjavík, 1. júní 1951.

Undirritaðir stofnfélagar að Félagi líkfangasala í Reykjavík samþykkja hér með ofanskráð lög og staðfesta það með undirskrift sinni. — Reykjavík 1. júní 1951.

Ofanrituð lög Félags líkfangasala eru skráð í þessa bók eftir afriti af lögum félagsins sem ég fékk hjá Páli Jóhannessyni í verzluninni Edinborg. Reykjavík 20 maí 1964

Jón Ingiberg Bjarnason.



Aðalfundur 1964.

Aðalfundur Félags líkfangasala var haldinn samkvæmt fundarboði á skrifstofu Kaupmannasamtakanna á Klapparstíg 26 þriðjudaginn 19 maí kl. 14.00.

Jón I. Bjarnason var fundarstjóri og gat hann þess að Páll Sæmundsson fráfarandi formaður félagsins væri hættur að verzla með líkföng og væri hann því sjálfkrafa, samkvæmt lögum félagsins, genginn úr því.

Þakkaði hann Páli Sæmundssyni fyrir unnin störf í þágu félagsins á liðnum árum.

I mál: Inntaka nýrra félaga.

Fyrir fundinum lá inntökubeiðni frá Ingimar Guðmundssyni eiganda verzlunarinnar Fáfnir Skólavörðustíg 10, og var hann samþykktur inn í félagið samhljóða.

II mál: Venjuleg aðalfundarstörf.

A. Gjaldkeri félagsins Kristinn Einarsson gerði grein fyrir séreign félagsins en það á í sjóði nokkur þúsund krónur, sem er í sparisjóðsbók sem gjaldkeri geymir.

Nokkrar umræður urðu um fjármál félagsins, og var samþykkt að hafa ekkert aukagjald í félaginu að þessu sinni.

B. Stjórnarkjör. <u>Formaður</u> var kosinn Sigurður Sigurðsson í verzl. Hamborg.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðstjórnendur voru kjörnir þeir Kristinn Einarsson í verzluninni K. Einarsson og Björnsson og Páll Jóhannesson í verzluninni Edinborg.

Varastjórn voru kjörnir Ingimar Guðmundsson í verzluninni Fáfnir og Jón Þórðarson í verzlun Jóns Þórðarsonar.

Fulltrúi í stjórn Kaupmannasamtaka Íslands var kjörinn Páll Jóhannesson og varamaður hans Ingimar Guðmundsson.

Endurskoðendur voru kjörnir þeir Jón Þórðarson og Sigmundur Kr. Ágústsson

II Önnur mál. Nokkrar umræður urðu um ýms hagsmunamál félagsins, og var stjórninni m. a. falið að skrifa vinnuheimili S. Í. B. S. að Reykjalundi og fá þá til að verðleggja og verðmerkja vörur þær sem félagsmenn kaupa þar, á smásöluverði, og sé þá miðað við 60 % álagningu, en söluskattur innifalinn þar í.

Fundurinn samþykkti einróma að nauðsynlegt væri að álagning á allar vörur keyptar af innlendum heildsölum væri 60 % og komi á smávöru sem kostaði undir 20 kr. stykkið, en söluskattur innifalinn í þeirri álagningu.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón L. Bjarnason.



Ár 1964, mánudaginn 2. nóvember var haldinn fundur í Félagi leikfangasala, samkvæmt fundarboði frá 27. október s.l.

Fundurinn var haldinn í fundasal Kaupmannasamtakanna að Klapparstíg 26.

I. Álagning í smásölu á leikföng.

Fjörugar umræður urðu um málið, og var samþykkt að stjórn Félagsins boðaði forstöðumenn leikfangaverksmiðjunnar að Reykjalundi á sinn fund til viðræðna um málið.

II. Inntaka nýrra félaga. Samþykktir voru inn í félagið: Verzl. Ísborg, Ásgeir Þorláksson sími 21942 og Verzl. Róði Laugaveg 74 Helgi Eggertsson sími 15455.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Jón L. Bjarnason fundarritari.

Sigurður Sigurðsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1976, fimmtudag 22. jan, var aðalfundur haldinn í Félagi leikfangasala að Marargötu 2.
Fundinn setti Björn Jónsson kl. 20,30.
Mættir voru sjö félagsmenn

Fyrir var tekið:

I. Stjórnarkjör.
a) formaður.
Kjörinn var einróma Björn Jónsson.
b.) Tveir meðstjórnendur:
Kjörnir voru:
Jón Pétursson og
Hilmar Friðriksson
c.) Endurskoðendur voru kjörnir Aðalsteinn Kristinsson og Rudolf Kristinsson
d.) Fulltrúi í fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Ísl. var kjörinn Grétar Eiríksson og til vara Aðalsteinn Kristins. Aðalfundarfulltrúi var kjörinn Reynir Eiríksson.

II. Önnur mál.
a) Samþykkt var samhljóða að Kristinn Einarsson yrði heiðursfélagi Félags leikfangasala
b.) Kjörinn verðlagsnefnd



Kjörnir voru: Hilmar Friðriksson Grétar Eiríksson og Jón Pétursson.
c.) Rædd voru samskipti við heildsala og stjórninni falið að annast það mál.
d.) Í launakjaranefnd var tilnefndur Björn Jónsson og til vara Pétur Filippusson.

Almennar umræður voru um hagsmunamál félagsmanna.
Fleira var ekki fyrir tekið fundi slitið.
Jón I. Bjarnason
fundarritari.

Leikhúsið
Björn Jónsson
Leikfangahúsið
Hilmar Friðriksson
Undraland
Gunnar Eggertsson

Leikfangabúðin
Grétar Eiríksson
Guðm. Einarsson

Tómstundahúsið
Jón Pétursson

Árið 1976 fimmtudaginn 13 maí kl. 8
kom stjórn Félags leikfangasala saman
í Baðstofu Kaupmannasamtaka Íslands
að Marargötu 2.

Fyrir var tekið verkaskipting stjórnar.

Kosinn var Jón Pétursson ritari og Hilmar
Friðriksson gjaldkeri.

Samþykkt var að leggja til við félagsfund
að leggja aukafélagsgjald kr. fimmþúsund
á hvern félagsmann.

Björn Jónsson

Jón Pétursson

Hilmar Friðriksson

Eftir stjórnarfund var haldinn almennur
fundur.
Þessir voru mættir:
Björn Jónsson Leikfangahúsinu Laugaveg 1.
Jón Pétursson Tómstundahúsið Laugaveg 164
Pétur Filippusson — " —
Hilmar Friðriksson Leikfangahúsið Skólavörðustíg 10.
Sigurður Sigurjónsson Leikfangamarkaðurinn Hafnarstræti 17.
Grétar Eiríksson Leikfangabúðin Laugaveg 11 og 72.
Reynir Eiríksson — " —
Aðalsteinn Kristinsson Leikfangaver Klapparstíg 40
Formaður setti fund og stjórnaði honum.
Fyrir var tekið.
1. Formaður benti á bagalegan mismun á tollum



á leikföngum og ýmsum leikfangaspilum.
Formanni falið að hafa samband við viðkomandi
ráðuneyti þessu varðandi.
a) Rædd voru samskipti heildsala og smásala og
framhjásölu þeirra fyrrnefndu.
Samþykkt var að formaðurinn og tveir félagsmenn
eftir tilnefningu formanns boðuðu til fundar með
heildsölum og ræddu þessi mál.

b.) Formaður lagði fram tillögu stjórnar um aukafélagsgjald
að upphæð kr. 5.000.- á hvern félagsmann
Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

c.) Samþykkt að láta búa til heiðursskjal heiðursfélaga
Kristins Einarssonar og stjórninni falið að afhenda það
við fyrsta tækifæri.

Önnur mál.
Rædd ýmis mál er varða rekstur verzlanana:
Útbítt ráðleggingum K. Í. í sambandi við
vörumóttöku. Rætt um skil og skipti á vörum og
lagt til að samræming næðist á því sviði.
Talað um auglýsingar og auglýsingagögn frá
heildsölum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson fundarritari
Björn Jónsson
Hilmar Friðriksson
Jón Pétursson
Aðalsteinn Kristinsson
Pétur Filip.
Reynir Eiríksson
Grétar Eiríksson
S. Sigurjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1978, miðvikudag 1. mars, var aðalfundur Félags leikfangasala haldinn að Maragötu 4.
Formaður félagsins, Björn Jónsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið:

1. Skýrsla stjórnar.
Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar um störfin á liðnu ári.

II. Kosningar.
Formaður var einróma endurkjörinn og með honum í stjórn þeir Jón Pétursson og ~~Jón Friðriksson~~ Hilmar Friðriksson.
Endurskoðendur voru endurkjörnir en þeir eru Aðalsteinn Kristinsson og Rudolf Kristinsson.
Fulltrúi í fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna var einnig endurkjörinn en í stað Grétars Eiríkss. Ragnar Einarsson var kjörinn aðalfundarfulltrúi.

III. Önnur mál.
Rætt var um yfirstandandi verkfall, gengisfellingu og álagningu o.fl.



Í launakjaranefnd voru endurkjörnir þeir Björn Jónsson og Pétur Filippusson.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Jón F. Bjarnason
fundarritari.

Björn Jónsson  Jón Pétursson

Að afloknum aðalfundi var haldinn stjórnarfundur.

Fyrir var tekið:

I Verkaskipting stjórnar:
Ritari var kjörinn Jón Pétursson og gjaldkeri Hilmar Friðriksson

II Rætt almenn félagsmál.
Fleira var ekki gert, fundi slitið
Jón F. Bjarnason
fundarritari.
Björn Jónsson
Jón Pétursson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FÉLAG LEIKFANGASALA
REYKJAVÍK:

Fundarboð:

Aðalfundur Félags leikfangasala verður haldinn þriðjudaginn 19. maí n.k. kl. 14.00 í skrifstofu Kaupmannasamtakanna, Klapparstíg 26:

Dagskrá: 1. Inntaka nýrra félaga
2. Venjuleg aðalfundarstörf
3. Önnur mál.

þakka Páli gjaldkera góða grein á félagssjóði

Kaupmannasamtök Íslands.

Páll P. IIII = 4
Vilhelm IIII = 4
Gauti III = 3

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dinn þriðju-

Kaupmannasamtakanna,

þakka Páli
gjaldkera góða grein
á félagsfundi

asamtök Íslands.

15395 Leikfangabúðin Laugavegi 11 og 72 – Eiríkur – Grétar
14806 Leikfangahúsið Skólavörðustíg 10 – Hilmar
13915 K. Einarsson og Björnsson Laugavegi Rudolf 27770-8,30
14744 Leikhúsið Laugavegi 1 28200 Björn Jónsson
12631 Leikfangaver Klapparstíg 40 – Aðalsteinn Kristinsson
21901 Tómstundahúsið Laugavegi 164 – Jón Pétursson
~~15535~~ EKKi Völusteinn Laugavegi 27. 13494 Sigríður Sigurðardóttir og Fanney Kristbjörnsdóttir
18722 Leikfangaland Veltusundi 1 Helgi Jakobsson
81640 Undraland Glæsibæ Gunnar Eggertsson [illegible] Dvergabakka
20960 Verzlunin Rokk Hreinn Pálsson
21866 Leikfangamarkaðurinn Helgi Ingvarsson

Samstarfsnefnd við heildverzlanir.

Verðlagsnefnd.

Í stjórn:
Formaður: Björn Jónsson
Meðstj.: Jón Pétursson og
Grétar Eiríksson

Endurskoðendur: Aðalsteinn Kristinsson
Rudolf Kristinsson

Fulltrúi í fulltrúaráð K.Í.:
Grétar Eiríksson og til vara Aðalsteinn Kristinsson

Aðalfundarfulltrúi: Hilmar Friðriksson og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag leikfangasala.

Reykjavík, 27 oktober 1964.

F U N D A R B O Ð :

Fundur verður haldinn í Félagi leikfangasala, mánudagskvöldið 2.nóvenber. n.k. kl.18,30. í fundarsal Kaupmannasamtakanna að Klapparstíg 26.

Dagskrá: 1. Álagning í smásölu á leikföng

2. Viðskiftakjör.

Stjórnin.

Fjelag Leikfángasala í Reykjavík

gömul tillaga

Rvk.17/4/1952

Verzl.Edinborg
Reykjavík

Aðalfundur verður haldinn í Fjelagi Leikfángasala í Reykjavík að Hótel Borg mánudaginn 21 þ.m.kl.3

f.h.Fjelags Leikfángasala í Reykjavík

Jón Bjarnason

Páll Sæmundsson form.
St. Einarsson gjaldk.
Jón Bjarnason ritari
Framkvæmdaráð
Páll Jóh.
Páll Sæm.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur